

**Sþ.** **30. Tillaga til þingsályktunar** [27. mál]  
um lágmarks- og hámarkslaun og takmörkun yfirvinnu.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að setja í samráði við launþegasamtökin lög um lágmarks- og hámarkslaun, og skal munur þeirra eigi vera meiri en einn á mótí tveimur og hálfum til þremur, þ. e. hámarkslaun í hæsta lagi þreföld við lágmarks-laun.

Í sömu lögum verði takmörk sett um lengd yfirvinnu, þar sem daglega er unnið um virka daga, þannig að hún verði eigi lengri en 2 tímar hvern vinnudag, nema undantekningarleyfi sé veitt af viðkomandi launþegafélagi.

**G r e i n a r g e r ð .**

Það er alkunna, að skipting launa milli hinna mismunandi starfshópa þjóðfélagsins er ein viðkvæmasta og vandteknasta ákvörðun í launamálum. Sífelld spennan og ókyrrð á launamarkaði veldur hins vegar slíkri óvissu, að þróun atvinnulífsins bíður tjón af. Löngu er ljóst, að aðilar vinnumarkaðarins, atvinnurekendur og vinnuseljendur, hafa ekki reynst þess umkomnir að skapa festu og jafnvægi í þessum málum. Hér þarf því löggjafinn að setja rammalöggjöf, sem haldi þessum málum innan vissra marka, en að sjálfsögðu leita samvinnu og samráðs við þau samtök, sem þetta snertir mest.

Þá er löngu orðið tímabært að setja skorður við þeirri óhóflegu yfirvinnu, sem nú tíðkast í vissum vinnugreinum, setja eins konar ný vökulög. Það ætti að vera algert hámark, að vinnudagur sé 10 tímar á sólarhring — nema í sérstökum undantekningartilfellum — enda gerist allt í senn, sé staðið lengur að verki: vinnuafköst minnka, heilsu manna er stefnt í tvísýnu og menn eru sviptir tíma og næði til að njóta nokkurs nema vinnu og aftur vinnu. Jöfn og stöðug vinna er að sjálfsögðu þakkarverð, en vinnuþjökun er allt annað og ber að hindra.